

6. kafli

Sjálfbærni í náttúru

JÁ NEI

Nokkrar spurningar:

1. Er aðal orkugjafinn í þínu landi endurnýjanleg auðlind? (sólar-, vind-, vatns- eða sjávarfallaorka)
2. Er vistsporið þitt lægra en 2,1 jarðhektarar? (2,1 er hámarkið svo við náum markmiðum um sjálfbærni)
3. Er mikið um notkun á einnota plasti í skólanum þínum?
4. Getur þú nefnt dæmi um 5 hluti sem þú ert kannt að meta í náttúrunni?
5. Gætir þú útskýrt fyrir öðrum hvað (lífbreytileiki) líffræðileg fjölbreytni þýðir?
6. _____
7. _____
8. _____

Þú – Hvað getur þú gert?

- Fundið leiðir til þess að auka tíma þinn í náttúrunni, til dæmis með gönguferðum, skoðunarferðum, lautarferðum og svo framvegis
- Fengið heimilið, skólann eða sveitarfélagið til þess að hætta að nota einnota vörur
- Lært á fánu og flóru í þínu umhverfi og hvernig þú getur aðstoðað við að vernda umhverfi þitt.

Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Frætt nemendur um mikilvægi líffræðilegs fjölbreytileika
- Farið með nemendur í vettvangsferðir út í náttúruna
- Hvatt nemendur og starfsfólk til þess að hjóla og ganga í skólann frekar en að keyra

Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Bannað notkun á öllu óþarfa plasti og gripið til aðgerða vegna plastmengunar
- Gert fólki kleift að flokka úrgang á nákvæmari hátt með fleiri flokkunar tönnum
- Gætt að því að við notum auðlindir landsins á sjálfbæran hátt svo að komandi kynslóðir hafi sama gagn af þeim